

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 1991

2. janúar 1991

1

Nr. 1

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hveragerðis.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Hveragerðis, er taki þegar gildi.

Gjaldskrá Rafveitu Hveragerðis, nr. 435, 22. september 1989:

Orkugjald taxta A1, án vsk., verði	6,00 kr/kWh
Orkugjald taxta D2, án vsk., verði	2,41 kr/kWh

Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 2. janúar 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

2. janúar 1991

Nr. 2

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 393 1. október 1990 um innheimtu gjalds til Búnaðarmálasjóðs.

1. gr.

h-liður 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. janúar 1991.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.